

# VÍSINDASTARF 2010 LANDSPÍTALI



Vefslóð Vísindastarf 2010 <http://hdl.handle.net/2336/128152>



*Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2010*

*Á Vísindum á vordögum 4. maí 2010 var úthlutað 100 styrkjum. Upphæð styrkjanna nam samtals 49 milljónum króna.*



# Ávarp



**Kristján Erlendsson**

læknir, framkvæmdastjóri vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítala og varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands

Eins og sjá má í þessum blöðungi, m.a. á meðfylgjandi töflum, lítur út fyrir að bærliga hafi gengið hjá starfsfólki Landspítala, að halda sér að þeim markmiðum sem sett voru fyrir árið 2010; að vera meðal fremstu háskólaspítala í N-Evrópu og halda áfram að stunda vísindi á heimsmælikvarða.

Á árinu voru í fyrsta skipti veitt hvatningarverðlaun til þriggja vísindamanna spítalans, sem hafa skarað fram úr og líkur eru á að halda munu áfram á sömu braut. Jafnframt hefur forstjóri lagt fram tillögu um að á þessu ári verði teknar upp skipulagðar styrkveitingar til ungra vísindamanna spítalans í klínisku framhaldsnámi.

Enn fjölgar birtingum vísindagreina, masters- og doktorsnemum hefur fjölgað og nánast hefur tekist hefur að halda í horfinu hvað varðar fjárhæðir styrkja,

fjöldi ágrípa fyrir veggspjaldasýningu og umsóknum í Vísindasjóð hefur ekki fækkað. Auðvitað getur verið að það taki einhvern tíma fyrir áhrif samdráttar og hagræðingar á spítalanum að koma fram, en enn sem komið er hefur það ekki gerst.

Kennsla og rannsóknastarfsemi eru hluti af kjarnastarfsemi háskólaspítala eða svo vitnað sé til umræðu sem fram fer nú á Mayo Clinic í Rochester: „Science and education is a part of patient service“.

Mikilvægt er að ekki sé slegið af og áfram verið staðinn vörður um háskólastarf á spítalanum en þannig er lagður grunnur að framtíðarmönnun heilbrigðiskerfisins og gæðum þess. Það má hins vegar ekki líta fram hjá því að vísindamenn spítalans hafa ekki farið varhluta af breyttum aðstæðum og hafa brugðist við á sama hátt og aðrir starfsmenn spítalans, með útsjónarsemi og meiri vinnu.


Við þessar aðstæður er mikilvægt að bera sig áfram saman við það sem best gerist og sækja styrk í aukna samvinnu, héraendis og erlendis. Þar er mikilvægt að leita samanburðar þar sem smæð okkar hefur ekki áhrif, eða skekkir mynd, hvorki á neikvæðan eða jákvæðan hátt. Fjöldi tilvitnana í greinar og skipulagðar samantektir t.d. fyrir háskólaspítala á Norðurlöndum (s.s. citation index) eru að koma sérstaklega vel út fyrir Landspítalann og

skipa honum í fremstu röð í vísindavirkni og fremst í hóp þeirra háskólaspítala sem mest vigta á Norðurlöndum. Þar kemur til hjálpar viðtækt samstarf við innlendar rannsóknastofnanir, einkum HÍ, Íslenska erfðagreiningu og Hjartavernd en gagnkvæmt vísindasamstarf eflir og hefur viðhaldið vísindavirkni í heilbrigðisvísindum.

Vaxandi áhugi erlendra stofnana á slíku samstarfi, sbr. heimsókn sendinefndar frá University of Pennsylvania í nóvember sl. eru ákveðin merki þess og setur enn frekari þrýsting á okkar fólk að standa undir merkjum og spítalann að skapa aðstöðu til góðra verka. Landspítalinn hefur gerst aðili að ECRIN (European Clinical Research Infrastructure Network) og fær nú á þessu ári 11 milljónjóna króna styrk frá Evrópusambandinu til að efla innviði spítalans fyrir vísindarannsóknir. Sömuleiðis mun Heilbrigðisvísindabókasafn LSH fá rúmlega 3 milljóna króna styrk til þátttöku í skráningarverkefni á vegum Evrópusambandsins.

Starfsemi Klínískr rannsóknaseturs LSH og HÍ fór af stað á síðasta ári og hefur þegar sannað tilverurétt sinn s.s. er varðar ECRIN, klínískar lyfjarannsóknir og fjöldann allan af erindum og verkefnum sem til þess hafa safnast.

Ég vona að hægt verði áfram að skrifa svona jákvæða pistla á næstu árum. Landspítalinn er klárlega að gera eitthvað rétt á þessu sviði sem og svo mörgum öðrum.



## Hvatningarstyrkir úr Vísindasjóði



Þremur rannsóknarhópum voru veittir hvatningarstyrkir úr Vísindasjóði Landspítala þann 1. desember 2010. Hver styrkur nam þremur milljónum króna.

### Súrefnisbúskapur í aldursbundinni hrörnun í augnbotnum

Einar Stefánsson yfirlæknir og prófessor augndeild, skurdækningsvið. Samstarfsmenn: Ásbjörg Geirsdóttir deildarlæknir, Haraldur Sigurðsson, klínískur dósent,

Friðbert Jónasson yfirlæknir og prófessor, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir BSc í heilbrigðisverkfæði, Ólöf Birna Ólafsdóttir MSc í líf- og læknisvísindum, Sveinn Hákon Harðarson sérfræðingur í augnrannsóknum, Þór Eysteinnsson prófessor í lífeðlisfræði, Aðalbjörn Þorsteinsson yfirlæknir, Jón Atli Benediktsson prófessor, Karl S. Guðmundsson dósent, Giulia Troglio doktorsnemi, Oxymap ehf, James Melvin Beach verkfræðingur, Gísli Hreinn Halldórsson verkfræðingur, Róbert Arnar Karlsson verkfræðingur, Agnès Davy verkfræðingur, Þorleifur Óskarsen verkfræðingur, Stephen Arthur Christian forritari, Seema Garg augnlæknir, Alon Harris Þraustason doktorsnemi, Morten laCour yfirlæknir, Toke Bek yfirlæknir, Ingeborg Stalmans augnlæknir, Paulo Stanga.

### Genaleit í ættlægu brjóstakrabbameini með háhraða raðgreiningu

Rósa Björk Barkardóttir yfirliffræðingur/forstöðumaður, klínískur prófessor rannsóknarstofa LSH í meinafræði. Samstarfsmenn: Óskar Þ. Jóhannsson

krabbameinslæknir, erfðaráðgjafi Inga Reynisdóttir frumu- og sameindalíffræðingur, Haukur Gunnarsson sameindalíffræðingur, Guðrún Jóhannesdóttir líffræðingur, Edda Bjarnadóttir M.Sc.-nemi í frumulíffræði, Bjarni A. Agnarsson Cand. med. meinafræðingur, Aðalgeir Arason líffræðingur, NimbleGen, Matis, Háskólasjúkrahúsin í Lundi og Helsinki.

### Evrópukönnunin: Lungu og heilsa – 20 ára eftirfylgd

Þórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor lungnadeild, lyflækningsvið. Samstarfsmenn: Bryndís Benediksdóttir dósent, sérfræðingur í heimilislækningum og svefnlækningum, Davíð Gíslason yfirlæknir í ofnæmissjúkdómum og klínískur dósent, Erna Sif Arnardóttir náttúruvæðingur og doktorsnemi, lungnadeild, Gunnar Guðmundsson aðstoðaryfirlæknir og klínískur prófessor, Michael Clausen sérfræðingur í barnalækningum og ofnæmislækningum.

**Rúmlega 80 starfsmenn Landspítala eru í samhlíða störfum við Háskóla Íslands sem prófessorar, dósentar eða lektorar. Jafnframt hafa um 110 starfsmenn hlotið klínískar nafnbætur við Háskóla Íslands síðan árið 2004.**

# Heiðursvísindamaður ársins 2010

## Pórarinn Gíslason prófessor og yfirlæknir á lungnadeild

Pórarinn lauk stúdentsprófi frá MR árið 1971 og útskrifaðist frá læknaeild Háskóla Íslands vorið 1977. Hann stundaði framhaldsnám í lungnalækningum við Háskólasjúkrahúsið í Uppsölu í Svíþjóð og hlaut sérfræðiviðurkenningu í lungnasjúkdómum 1984. Pórarinn varði doktorsritgerð sína um kæfisvefn við Uppsalaháskóla vorið 1987: Sleep Apnea Syndrome - clinical symptoms, epidemiology and ventilatory aspects. Pórarinn er frá árinu 2001 yfirlæknir sameinaðrar lungnadeildar Landspítala og prófessor við læknaeild Háskóla Íslands frá 2003. Hann er einnig gestaprófessor við University of Pennsylvania og dósent við Uppsalaháskóla.

Pórarinn hlaut árið 2002 ásamt samstarfsaðilum (Prófessor Allan I. Pack, Filadelfíu í Bandaríkjunum og Íslenski erfðagreiningu) styrk frá bandarísku heilbrigðisstofnunni (NIH) til að rannsaka erfðir og eðli kæfisvefns á Íslandi. Haustið 2009 veitti bandaríska heilbrigðisstofnunin prófessor Allan I. Pack nýjan styrk til þriggja ára rannsókna á kæfisvefni. Hluti þeirrar rannsóknar fer fram við lungnadeild Landspítala og nemur framlagið til Landspítala tæpum 200 milljónum króna á þessu tímabili.

Pórarinn hefur einnig leitt íslenska þátt alþjóðlegs rannsóknarverkefnis: Evrópukönnunin Lungu og heilsa, þar sem algengi astma, ofnæmis og langvinnrar lungnatoppu (LLT) hefur verið kannað reglulega á Íslandi. Ætlunin er að endurtaka þá rannsókn á haustmánuðum. Hann leiddi einnig nýlega þáttöku Íslands í alþjóðlegu verkefni um algengi og eðli LLT (Burden of Obstructive Lung Disease (BOLD)).



# Ungur vísindamaður ársins 2010

## Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur

Berglind er fædd árið 1972. Hún lauk BA prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1998. Berglind lagði stund á framhaldsnám í klínískri sálarfræði við Ríkisháskóla New York ríkis í Buffalo í Bandaríkjunum. Hún lauk þaðan meistaraþrófi árið 2004 og doktorsprófi árið 2006 með áherslu á kvíðaraskanir og afleiðingar áfalla.

Berglind vinnur nú að tveimur stórum rannsóknarverkefnum sem eru Áhrif jarðskjálftans 29. maí 2008 á íbúa á Suðurlandi og Tíðni áfallastreituröskunar og annarra erfiðleika í kjölfar áfalla. Auk þess vinnur Berglind að öðrum smærri verkefnum. Þar ber helst að nefna verkefnið Örugg saman sem er forvarnarverkefni þar sem markmiðið er að draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal unglinga.

Helstu samstarfsaðilar Berglindar eru: Sálfræðideild, Miðstöð í Lýðheilsuvísindum og Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkefni við Háskóla Íslands. Landlæknisembættið, Rauði kross Íslands, Þjóðkirkjan, Almannafræðingur Ríkislögregluembættisins, National Crime Victims Research and Treatment Center, Medical University of South Carolina, USA.

Berglind gerir ráð fyrir að rannsaka á næstu árum áfallastreituröskun og áðrar afleiðingar áfalla. Hún vonast til að það varpi ljósi á eðli áfalla og afleiðinga þeirra meðal Íslendinga.



# Hirsla vísinda- og fræðsluefnissafn Landspítala

Hirsla er rafrænt varðveislusafn, sérhannað til að vista, varðveita og miðla því vísinda- og fræðsluefni sem starfsmenn Landspítala hafa gefið út samhliða vinnu sinni eða námi við spítalann. Nú eru um 4000 tímaritsgreinar skráðar í Hirsluna.


## Markmið Hirslu er að:

- » að vista varanlega rafræn handrit (greinar) starfsmanna
  - » að fá betra yfirlit yfir greinaskrif starfsmanna
  - » að stækka lesendahópin
  - » að hraða birtingu rannsóknaniðurstaðna
  - » að fjölga tilvísunum í verk starfsmanna
  - » að auka sýnileika í rannsóknum til að fjölga samstarfsverkefnum og auðvelda aðgengi að styrkjum
  - » að uppfylla kröfur fjölmargra styrkveitenda sem krefjast þess að afrakstri rannsókna, sem styrktar hafa verið, sé miðlað í opnum aðgangi
- Hirslan tryggir jafnframt sýnileika greina og einfaldara aðgengi lesanda þeirra, óháð landamærum.

Auk vísindagreina varðveitir Hirsla fræðslugreinar úr fjölmörgum íslenskum heilbrigðistímaritum: Læknablaðið, Tímarit hjúkrunarfræðinga, Sálfræðiritið, Ljósmeðrablaðið, Sjúkraþjálfarinn, Iðjuþjálfinn, Öldrun, Tannlæknablaðið, Tímarit lífeindafræðinga, Geðvernd.


Vefslóð Hirslunnar er: [www.hirsla.lsh.is](http://www.hirsla.lsh.is)

## Heimsóknir í Hirslu eftir landssvæðum




Heimsóknir í Hirsluna árið 2010 voru 134 684 frá öllum heimshlutum


### Visindastyrkir 2006 - 2010



### Fjöldi veggspjalda á Visindum á vordögum 2006-2011




### Fjöldi doktors- og meistaranema 2006-2010



Taflan sýnir fjölda doktors- og meistaranema sem tengjast Landspítala í sínu námi á beinan eða óbeinan hátt. Ýmist sem starfsmenn spítalans eða njóta leiðsagnar starfsmanna eða nýta gögn spítalans.

### Ritryndar greinar og bókakafnar LSH 2006-2010



### Rannsóknastofa LSH og HÍ í bráðafræðum

var stofnuð í maí 2010. Markmið hennar er að verða miðstöð rannsókna á sviði bráðafræða sem taka til heilbrigðisþátta, félagslegra þátta, fjárhagslegra þátta, forvarna og annarra þátta er tengjast lífsgæðum landsmanna.

Rannsóknastofan er hluti af bráðasviði Landspítala og nýtur aðstoðar og samvinnu við Klínískt rannsóknasetur LSH og HÍ.



### Rannsóknarstofnun LSH og HÍ í hjarta- og æðasjúkdómum

var stofnuð í nóvember 2010. Henni er ætlað að verða miðstöð kennslu og rannsókna á sviði hjarta- og æðasjúkdóma. Þar verður samræming og framkvæmd rannsókna í hjarta- og æðasjúkdómum á LSH, kennsla og fræðsla í hjarta- og æðasjúkdómum og stuðlað að eflingu rannsóknarsamstarfs við aðra rannsóknarhópa sem stunda rannsóknir í skyldum greinum.

Rannsóknarstofnunin verður hluti af lyflækningasviði Landspítala og mun njóta aðstoðar og vera í samvinnu við Klínískt rannsóknasetur LSH og HÍ.

### Merking vísindagreina sem birtast í ritryndum tímaritum

Starfsmenn verða að merkja Landspítala vísindagreinar sínar. Rétt merking á ensku er Landspítali The National University Hospital en á íslensku Landspítali. Mikill misbrestur hefur verið á því að starfsmenn merki spítalanum greinar sínar.

Við árlega samantekt af birtum ISI greinum starfsmanna Landspítala fyrir árið 2010, kom í ljós að í rúmlega 30% - 35% tilvika eru greinar ekki rétt merktar. Ýmist er ranglega er farið með nafn spítalans, starfsmenn merkja greinar einungis Háskóla

Íslands eða greinar starfsmanna eru hvorki merktar spítalanum né Háskóla Íslands. Rétt merking greina auðveldar leit að greinum starfsmanna Landspítala.

Árið 2010 birtu starfsmenn Landspítala 248 ritryndar greinar í erlendum tímaritum, af þeim voru 232 greinar skráðar í Web of Science (ISI). Þar af fundust aðeins 150 greinar við leit eftir nafni Landspítala.